

UMBOÐSMAÐUR ALÞINGIS

Þórshamri, Templarasundi 5, 101 Reykjavík
Sími: 510 6700 • Netfang: postur@umbodsmadur.is
Heimasíða: www.umbodsmadur.is

Mál nr. F2/2025

Reykjavík, 3. apríl 2025

Heilbrigðisráðuneytið
Síðumúla 24
108 Reykjavík

Hér með tilkynnist að umboðsmaður Alþingis hefur lokið athugun sinni á niðurgreiðslu brjóstaskimana vegna krabbameinsleitar, nánar til tekið þeirri tilhöggun að konur í áhættuhópi fyrir brjóstakrabbameini fengju ekki sömu niðurgreiðslu á brjóstaskimun og aðrar konur.

Eins og kunnugt er var tilefni athugunarinnar frétt sem birt var á vefsíðu RÚV, www.ruv.is, þar sem greint var frá því að hefðbundið komugjald fyrir brjóstaskimun hafi í október í fyrra lækkað úr sex þúsund krónum í fimm hundruð krónur. Konur sem eru í áhættuhópi fyrir brjóstakrabbameini og konur sem áður hafa fengið brjóstakrabbamein hafi hins vegar þurft að greiða 12 þúsund krónur fyrir skimun. Í fréttinni kom fram að málið hefði verið í skoðun hjá heilbrigðisráðuneytinu á sama tíma og niðurgreiðsla hefðbundinna brjóstaskimana.

Af þessu tilefni var heilbrigðisráðuneytinu ritað bréf 17. janúar sl. þar sem óskað var upplýsinga um fyrirkomulag niðurgreiðslu á brjóstaskimunum almennt auk upplýsinga um þá skoðun sem hefði verið á málinu í ráðuneytinu. Þá var óskað eftir skýringum á því hvaða forsendur lægju þeirri ákvörðun til grundvallar að niðurgreiða ekki brjóstaskimun kvenna í áhættuhópi að sama marki og brjóstaskimun annarra kvenna.

Hinn 7. febrúar sl. barst svar frá ráðuneytinu í tölvupósti þar sem upplýst var um að ráðuneytið ynni að breytingum á greiðslupátttöku vegna brjóstaskimana. Hinn 14. febrúar barst annar tölvupóstur frá ráðuneytinu þar sem fram kom að ráðuneytið hefði birt í samráðsgátt tillögu að breytingu vegna gjaldtökunnar. Var þar lagt til að sjúkratryggðir myndu greiða fimm hundruð krónur fyrir röntgenmyndatöku af brjóstum vegna krabbameinsleitar að hámarki einu sinni á ári óháð því hvort um sé að ræða myndatöku sem sé hluti af lýðgrundaðri skimun eða vegna þess að viðkomandi sé í áhættuhópi eða eftirliti eftir meðferð vegna krabbameins í brjósti.

Upplýst var af hálfu heilbrigðisráðuneytisins með tölvupósti 26. mars sl. að heilbrigðisráðuneytið hefði nú samþykkt ofangreindar breytingar og myndu þær taka gildi 1. apríl.

Í ljósi þess að breytingar hafa verið gerðar á niðurgreiðslu brjóstaskimunar vegna krabbameinsleitar þannig að konur í áhættuhópi fyrir brjóstakrabbameini koma til með að fá sömu niðurgreiðslu á brjóstaskimun og aðrar konur tel ég ekki ástæðu til þess að halda athuguninni áfram.

Virðingarfyllst,



Kristín Benediktsdóttir